

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
Sent á netfangið: nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 6. mars 2023

Efni: Umsögn Landsamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (frítekjumark vegna lífeyristekna), 78. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 3. mars s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál sem kveður á um að setja inn sérstakt frítekjumark á lífeyristekjur. LL sendu umsögn á síðasta löggjafarþingi um 36. mál sem nú er lagt fram óbreytt að nýju sem 78. mál. Er því vísað til þess sem áður hefur komið fram í umsögn LL um málið en þar segir:


„Mikil óánægja hefur lengi ríkt vegna hinna miklu tekjutenginga sem eru á milli greiðslna almannatrygginga og greiðslna frá lífeyrissjóðum. Jaðarskattaáhrifin ganga það langt að þau grafa undan tiltrú almennings á lífeyrissjóðakerfinu. Fólk sér ekki hag í því að hafa lagt fyrir í lífeyrissjóð þar sem tekjutengingar almannatrygginga gera það að verkum að lítið situr eftir í vasa sjóðfélagans.

Umræddu frumvarpi er ætlað að bæta stöðu þeirra sem lagt hafa fyrir í lífeyrissjóð og setja sérstakt frítekjumark á lífeyrisgreiðslur, kr. 1.200.000 á ári. LL styðja markmið frumvarpsins en vilja benda á að lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum hafa myndast með iðgjöldum sem koma frá atvinnutekjum og eru lífeyrisgreiðslur því í eðli sínu frestun atvinnutekna. Frítekjumark atvinnutekna er helmingi hærra en það sem lagt er til með þessu frumvarpi eða kr. 2.400.000. Þar sem lífeyrissjóðsgreiðslur eru ígildi atvinnutekna eru vitaskuld sterk rök fyrir því að meðhöndla þær með sama hætti og beinar atvinnutekjur.

Háværar gagnrýnisraddir heyrast á núverandi samspil milli greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða og sker Ísland sig úr í öllum samanburði við önnur ríki í þessum efnum. Lífeyrisþegar kvarta nú sáran og telja sig miklu misrétti beitta. Er því afar brýnt að stjórnvöld gangist skjótt í þá vinnu að yfirfara hvernig tekjutengingum skuli háttað.

LL lýsa yfir stuðningi við markmið umrædds frumvarps en telja eins og fyrr greinir sterk rök fyrir því að meðhöndla eigi lífeyrisgreiðslur með sama hætti og atvinnutekjur þegar kemur til samspils við greiðslur almannatrygginga. Út frá þeirri nálgun ætti frítekjumark á lífeyrisgreiðslur að vera kr. 2.400.000 líkt og gildir um atvinnutekjur, sbr. 4. ml. 1. mgr. 23. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007.“

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri